Sigldi 1859 til Khafnar til þess að fullkomna sig í iðn sinni. Kom heim 1860. Bókbindari á Gilsstöðum í Vatnsdal 1860—64. B. þar 1864—84, á Breiðabólsstað í Vatnsdal 1884—86, í Hnausum 1886—1907, á Bjarnastöðum 1907—08. Fluttist þá til Rvíkur. Hrstj. nokkur ár í Áshr. og hrnm. í Sveinsst.hr. Rak stærðarbú. D. 21. 3. 1915 í Rvík. K. 5. 11. 64 Guðrún, d. 7. 5. 19, Jasonsdóttir b. á Króki á Skagaströnd Guðmundssonar.

**Magnús Steingrímsson,** f. 14. 7. 75 á Hólum í Steingrímsf. For. S. Hjaltason, b. þar 1874—1905, og k. Kristín Magnúsdóttir b. á Skáldsstöðum Jónssonar. B. í Hólum 1905 og síðan. Hrstj. 1919 og síðan. Hrnm. 1905—34. Í stjórn Kf. 1906—37. K. 1915 Kristín, f. 12. 7. 79, Árnadóttir b. á Hafnarhólmi á Selströnd Jónssonar.

**Magnús Sæbjörnsson,** f. 9. 12. 71 á Hrafnkelsstöðum í Fljótsdal. For. S. b. þar, d. 10. 2. 94, Egilsson, og f. k. Hólmfríður Jónsdóttir b. á Brekku í Fljótsdal Jónssonar. Stúd. 1892. Cand. med. Kh. 1903. Skip. læknir í Flateyjarhjeraði 11. 9. 03 og fjekk skipunarbrjef konungs fyrir því 27. 10. 08. Lausn 23. 7. 23 frá 1. 7. s. á. D. 22. 11. 1924. K. 15. 10. 00 Anna Frederikke, f. 21. 8. 69, d. 1. 1. 22, dóttir Niels Nielsen, smiðs í Holbæk.

**Magnús** Davíðsson **Scheving Thorsteinsson,** f. 4. 10. 93 á Brjánslæk. Albr. Þorsteins Scheving Thorsteinsson. Starfsm. í Íslandsbanka á Ísaf. 10. 6. 08, í Íslandsb. í Rvík 1912. Útbússtjóri Íslandsb. og síðar Útvegsb. Íslands á Ísaf. 21. 7. 21—1. 3. 31 (sagði starfinu lausu). Stofnsetti smjörlíkisgerðina „Ljómi" í Rvík 1931 og hefir rekið hana síðan. Sænskur vísikonsúll á Ísaf. 1927—31. K. 30. 6. 28 Laura, f. 22. 10. 03, Gunnarsdóttir bankastj. Hafstein, bróður Hannesar ráðh.

Hans **Magnús Torfason,** f. 12. 5. 68 í Rvík. For. T. Magnússon, bókhaldari, f. 30. 7. 35, og k. 12. 7. 64 Jóhanna Sigríður Margrjet, f. 22. 6. 39, d. 4. 4. 10, Jóhannsdóttir verzlstj. í Vme. Bjarnasonar. Stúd. 1889. Cand. juris 1894. Settur 1. 11. 94, skip. 26. 9. 95 sýslum. í Rangárvallasýslu, sýslum. í Ísafj.sýslu og bæjarfóg. á Ísaf. 12. 6. 04, sýslum. í Árnessýslu 2. 5. 21. Lausn 31. 12. 36. Er nú bús. í Rvík. Alþm. Rang. 1900—02, Ísafj.kaupst. 1916—19, Árnessýslu 1923—34. Landskj. þm. 1934—37. Forseti Sþ. 1927—29. Á sæti í bankaráði Útvegsbankans. R. Dbr. 11. 8. 07. K. Dbr. II. 30. 11. 28. Str. F. 1. 11. 34. K. 24. 7. 95 Petrine Camilla Thora, f. 10. 10. 64, d. 25. 10. 27, Stefánsdóttir sýslum. í Gerðiskoti í Árn. Bjarnasonar. Slitu samvistir.

**Magnús** Tómasson **Kjaran,** f. 19. 4. 90 í Vælugerði í Flóa. For. T. í Rvík, f. 15. 4. 54, d. 2. 2. 16, Eyvindarson í Dúðu [Jónssonar í Sauðtúni í Fljótshlíð Eyvindarsonar s. st.] og k. 10. 10. 85 Sigríður, f. 3. 12. 64, Pálsdóttir hrstj. á Selalæk, f. 3. 4. 34, d. 16. 1. 70, Guðmundssonar. Fjögurra ára praktískt verzlunarnám. Nám í Verzlunarskólanum fyrsta ár hans. Meðeigandi verzl. Liverpool í Rvík 1918. Einkaeigandi 1925—30. Stórkaupm. í Rvík 1930 og síðan. Frkvstj. Alþingishátíðarinnar 1930. Í stjórn Fjelags ísl. stórkaupm. og R. Kr. Íslands. Bæjarftr. 1928—30. Frkvstj. Samb. bakarameistara Rvíkur og Innflytjenda-samb. Sænskur vice-konsúll. R. F., R. Dbr., R. Fi. Hv. Rós. I. og af S. V. I., Officier d'Academie. K. 25. 9. 15 Sofía, f. 23. 12. 92, Franzdóttir sýslum. Siemsen.



**Magnús Vagnsson,** f. 3. 5. 89 í Leiru í Jökulfj. For. V. Elíasson, sjómaður þar, og Tormóna Ebenezerdóttir b. í Furufirði Sigurðssonar. Próf úr Stýrimannaskól. 1917. Skipstjóri á Ísaf. allengi, til 1925, síðan í Rvík um hríð. Á Ak. við Síldareinkasöluna 1931—34. Síldarmatsstjóri á Sigluf. fyrir Síldarmat ríkisins frá 1938, en bús. þar frá 1935. K. Valgerður, f. 19. 12. 99, Ólafsdóttir trjesm. í Rvík Guðmundssonar.

**Magnús Vigfússon,** f. 8. 10. 81 í Vatnsdalshólum í A.-Húnavs. For. V. b. þar Filippusson, f. 26. 2. 43, úr Rangárþingi, og k. 1877 Ingibjörg, f. 4. 3. 57, Björnsdóttir b. á Geithömrum í Svínadal Björnssonar. Búfr. Hólum 1904. B. á Þingeyrum, Vatnsdalshólum og nú í Melrakkadal. Hrn.oddviti. Ókv.

**Magnús Víglundarson,** f. 24. 9. 12 í Höfða í Bisk. For. V. Helgason, b. þar, og s. k. Jóhanna Ketilríður Þorsteinsdóttir Einarssonar. Stundaði verzlunarskólanám í Bilboa á Spáni og lauk því 1933. Stofnandi stórverzl. „Hekla" í Rvík og frkvstj. 1933—40. Stofnaði eigin stórverzlun 1940. Meðstofnandi verksm. „Fram" 1936. Frkvstj. hennar síðan. Stofnandi og einkaeigandi Leðurverzl. Magnúsar Víglundssonar 1941. Ókv.

**Magnús Þorláksson,** f. 15. 7. 37 á Sljettabóli á Brunasandi, Skapt. For. Þ. b. þar Bergsson [pr. ins gamla á Hörgslandi Jónssonar] og k. Kolfinna, f. 1807, Magnúsdóttir hrstj. í Skaptárdal Jónssonar. Bústj. á Sljettabóli um hríð, eftir lát föður síns. B. á Hörgslandi 1869 og lengi síðan. Loks b. á Fossi á Síðu. Hrstj. yfir 30 ár. Merkur höldur og fróður. D. 7. 11. 1909.

Þorlákur **Magnús Þorláksson,** f. 19. 11. 75 í Vesturhópshólum, V.-Húnavs. Albr. Jóns forsætisráðh. og síðar borgarstj. í Rvík. Gagnfr. Flensborg 1893. Dvaldist í Noregi 1901—02 á búgarði. B. í Þverárhr. í V.-Húnavs. 1904—09, á Blikastöðum í Mosf.sveit 1909 til dauðadags. Lengi í hrn., oddviti 9 ár. Í stjórn Búnaðarfjel. Íslands 1925 og síðan, form. 1935—39. Búnaðarþingsft . flest árin frá 1924. Í stjórn Mjólkurfjel. Rvíkur frá byrjun til 1940. Ýmis önnur trúnaðarstörf. Mikill búnaðarfrömuður. R. F. 1937. D. 12. 3. 1942. K.[1] 1904 Marsibil Sigurrós, f. 28. 8. 71, d. 1907, Jónsdóttir b. í Hrísakoti á Vatnsnesi Jónssonar. K.[2] 1910 Kristín Ingunn, f. 15. 4. 75, Jósafatsdóttir hrstj. og alþm. á Holtastöðum Jónatanssonar.

**Magnús Þorsteinsson,** f. 3. 1. 72 í Landlyst í Vme. For. Þ. Jónsson, hjeraðslæknir þar og fyrr alþm., og k. Matthildur Magnúsdóttir. Stúd. 1891. Cand. theol. 1893. Aðstpr. til sr. Halldórs Þorsteinssonar á Bergþórshvoli í Landeyjum, vígður 26. 9. 97, Landeyjaþing 12. 9.